



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2022

Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2-3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjárfyrillit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 - 13
Ársfjórðungsýfirlit.....	14

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 1.251 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 3.502 m.kr. á sama tímabili 2021, þar sem söluhagnaður og hlutdeild í afkomu Sensa ehf. nam 2.124 m.kr. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam því 963 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 718 m.kr. á sama tímabili 2021. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní voru 12.129 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 11.955 m.kr. á sama tímabili árið 2021. Eignir félagsins í lok tímabils námu 67.979 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 29.939 m.kr. og var eigininfjárlutfallið 44,0%.

Þann 18. október 2021 gekk Síminn hf. til einkaviðræðna við Ardian France SA um sölu á öllum eignarhlut í fjarskiptafélaginu Mílu ehf. Þeim viðræðum lauk þann 23. október 2021 með undirritun sammings um sölu á 100% hlutafjár í Mílu ehf. Salan var háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem tók viðskiptin til umfjöllunar. Samkeppniseftirlitið tilkynnti þann 14. mars sl. að viðskiptin yrðu tekin til frekari rannsóknar. Frestur Samkeppniseftirlitsins til þess að ljúka rannsókn var til 27. júlí sl. Sá frestur var framlengdur í tvigang og er nú til 15. september nk.

Þann 22. júlí var tilkynnt um breytt samkomulag Símans hf. og Ardian France SA þar sem helstu atriði samkomulagsins fela í sér breytingu á ákvæðum kaupsamnings er lúta að heildarvirði viðskiptanna (e. enterprise value) sem áður var 78 ma.kr., sbr. tilkynningu Símans hf. þann 23. október 2021, að meðtoldum fjárhagslegum skuldbindingum sem kaupandinn yfirtekur. Samkomulag varð um að heildarvirði viðskiptanna skuli nú vera 73 ma. kr. sem er lækkun um 5 ma. kr. Samkvæmt breyttum kaupsamningi fær Síminn hf. greitt á efndadegi um 35 ma. kr. í reiðufé og 19 ma. kr. verða lánaðir í formi skuldabréfs sem Síminn hf. veitir kaupanda til þriggja ára. Skuldabréfið var 15 ma. kr. í fyrra samkomulagi. Leiða þessar breytingar á kaupsamningnum til þess að áætlaður söluhagnaður er nú 41,8 ma. kr., að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna, sem er lækkun um 4,6 ma. kr. frá því sem tilkynnt var þann 23. október 2021.

Á aðalfundi Símans hf. þann 10. mars 2022 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Lækkun vegna eigin hluta nam 240 m.kr. að nafnvirði, hlutafé lækkaði því úr 7.540 m.kr. í 7.300 m.kr. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 730 m.kr. að nafnverði og tillaga um arð að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í apríl. Í samræmi við ofangreinda heimild aðalfundar hafa verið keypt eigin bréf að nafnverði 91 m.kr. fyrir 1.107 m.kr. Áður höfðu verið keypt eigin bréf að nafnvirði 256 m.kr. fyrir 2.967 m.kr. að markaðsverði byggt á heimild aðalfundar 2021. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættubáttum og óvissu sem félagið býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. ágúst 2022

## Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

## Forstjóri

Orri Hauksson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	2022 1.4.-30.6.	2021* 1.4.-30.6.	2022 1.1.-30.6.	2021* 1.1.-30.6.
Sala .....	5	5.898	5.823	11.855	11.726
Kostnaðarverð sölu .....	6	( 3.597)	( 3.692)	( 7.359)	( 7.475)
<b>Framlegð .....</b>		<b>2.301</b>	<b>2.131</b>	<b>4.496</b>	<b>4.251</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		138	114	274	229
Rekstrarkostnaður .....	7	( 1.757)	( 1.702)	( 3.514)	( 3.433)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>682</b>	<b>543</b>	<b>1.256</b>	<b>1.047</b>
Fjármunatekjur .....		90	62	290	226
Fjármagnsgjöld .....		( 252)	( 140)	( 365)	( 290)
Gengismunur .....		( 3)	( 21)	2	( 66)
Hrein fjármagnsgjöld .....	8	( 165)	( 99)	( 73)	( 130)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		517	444	1.183	917
Reiknaðir skattar .....		( 107)	( 102)	( 220)	( 199)
<b>Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins ...</b>		<b>410</b>	<b>342</b>	<b>963</b>	<b>718</b>
Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta .....	13	95	276	288	2.784
<b>Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>505</b>	<b>618</b>	<b>1.251</b>	<b>3.502</b>
EBITDA .....		1.399	1.318	2.726	2.592
<b>Hagnaður á hlut</b>					
Grunnhagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi .....		0,05	0,05	0,13	0,09
Þynntur hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi .....		0,05	0,05	0,13	0,09
Grunnhagnaður á hlut af aflagðri starfsemi .....		0,01	0,05	0,04	0,35

\*Fjárhæðum vegna 2021 hefur verið breytt vegna sölu á Mílu ehf., sjá skýringu 13.

Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30. júní 2022

	Skýr.	30.6.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		2.195	2.219
Leigueignir .....		690	753
Óefnislegar eignir .....		19.191	19.403
Aðrar eignir .....	9	669	675
		<b>Fastafjármunir</b>	
		<b>22.745</b>	<b>23.050</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	10	1.140	923
Viðskiptakröfur .....	11	1.994	2.234
Aðrar skammtímakröfur .....	12	3.512	3.082
Handbært fé .....		1.365	3.509
Eignir flokkaðar til sölu .....	13	37.223	36.929
		<b>Veltufjármunir</b>	
		<b>45.234</b>	<b>46.677</b>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>69.727</b>
		<b>67.979</b>	<b>69.727</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		7.158	7.314
Yfirverðsreikningur .....		1.543	3.278
Annað eigið fé .....		154	154
Annað bundið eigið fé .....		2.347	2.020
Óráðstafað eigið fé .....		18.737	18.313
		<b>Eigið fé</b>	
		<b>29.939</b>	<b>31.079</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldbréfalán .....		5.949	5.943
Leiguskuldbindingar .....		594	653
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	406	604
		<b>Langtímaskuldir</b>	
		<b>6.949</b>	<b>7.200</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skammtímalán .....		332	1.518
Viðskiptaskuldir .....		2.621	2.141
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....		182	180
Skattar til greiðslu .....		963	894
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.161	889
Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu .....	13	25.832	25.826
		<b>Skammtímaskuldir</b>	
		<b>31.091</b>	<b>31.448</b>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>38.040</b>
		<b>38.040</b>	<b>38.648</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>67.979</b>	<b>69.727</b>

Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 30. júní 2022

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2021 .....	8.483	13.041	154	674	14.946	37.298
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....					3.502	3.502
Þýðingarmunur .....				1		1
Greiddur arður (0,05953 á hlut) .....				( 500)	( 500)	
Hlutafjárlækkun .....	( 890)	( 7.077)				( 7.967)
Keypt eigin bréf .....	( 127)	( 1.069)				( 1.196)
Fært á bundið eigið fé .....				697	( 697)	0
Eigið fé 30.6.2021 .....	7.466	4.895	154	1.372	17.251	31.138
Eigið fé 1.1.2022 .....	7.314	3.278	154	2.020	18.313	31.079
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....					1.251	1.251
Greiddur arður (0,069 á hlut) .....					( 500)	( 500)
Keypt eigin bréf .....	( 156)	( 1.735)				( 1.891)
Fært á bundið eigið fé .....				327	( 327)	0
Eigið fé 30.6.2022 .....	7.158	1.543	154	2.347	18.737	29.939

Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstremisfirlit 1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	2022 1.4.-30.6.	2021* 1.4.-30.6.	2022 1.1.-30.6.	2021* 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		682	543	1.256	1.047
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli:					
Afskriftir .....		717	775	1.470	1.545
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	0	( 4)	( 1)
		<u>1.399</u>	<u>1.318</u>	<u>2.722</u>	<u>2.591</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækjun) .....		13	163	( 293)	43
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækjun) .....		264	( 362)	6	460
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) hækjun .....		( 109)	406	768	938
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>168</u>	<u>207</u>	<u>481</u>	<u>1.441</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>1.567</u>	<u>1.525</u>	<u>3.203</u>	<u>4.032</u>
Innborgaðir vextir .....		91	124	179	233
Greiddir vextir .....		( 242)	( 78)	( 355)	( 302)
Greiddir skattar .....		( 209)	( 219)	( 348)	( 439)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.207</u>	<u>1.352</u>	<u>2.679</u>	<u>3.524</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 271)	( 218)	( 377)	( 498)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 604)	( 426)	( 757)	( 831)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		0	0	4	7.692
Skuldbréfaeign, breyting .....		( 50)	( 166)	( 169)	( 261)
Greiðsla á láni og lækkun hlutafjár dótturfélags .....	13	0	12.000	0	12.000
Áhrif af aflagðri starfsemi .....	13	0	8.334	0	445
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....		0	2.834	0	2.329
Sala á félagi .....		0	0	152	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 925)</u>	<u>22.358</u>	<u>( 1.147)</u>	<u>20.876</u>
<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>					
Greiddur arður .....		( 500)	( 500)	( 500)	( 500)
Kaup eigin bréfa .....		( 961)	( 447)	( 1.891)	( 1.196)
Útgreitt hlutafé .....		0	( 7.968)	0	( 7.968)
Tekin ný langtímalán .....		0	0	0	6.000
Afborganir langtímalána .....		0	0	0	( 15.429)
Afborganir leiguskuldbindinga .....		( 47)	( 42)	( 93)	( 85)
Skammtímalán, breyting .....		( 1.168)	( 8.482)	( 1.186)	<u>1.018</u>
Fjármögnumunarhreyfingar		<u>( 2.676)</u>	<u>( 17.439)</u>	<u>( 3.670)</u>	<u>( 18.160)</u>
(Lækkun) hækjun á handbæru fé .....		( 2.394)	6.271	( 2.138)	6.240
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		0	( 5)	( 6)	( 12)
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		<u>3.759</u>	<u>697</u>	<u>3.509</u>	<u>735</u>
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<u>1.365</u>	<u>6.963</u>	<u>1.365</u>	<u>6.963</u>

\*Fjárhæðum vegna 2021 hefur verið breytt vegna sölu á Mílu ehf., sjá skýringu 13.  
Skýringar á blaðsíðum 8 - 13 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til júní 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 23. ágúst 2022.

### Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

### Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2021.

# Skýringar

---

## 4. Starfspáttayfirlit

Yfirlit um starfspætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættir eru:

Starfspáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattapjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnet.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Vörusala búnaðar: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Tekjur tengdar fjarskiptum, upplýsingatækni og fjármálum.

Starfspættir 2022	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.882	745	3.728	3.274	941	559	12.129
Óskipt rekstrargjöld .....						( 9.403)	
Rekstrahagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....						2.726	
Afskriftir .....						( 1.470)	
Hrein fjármagnsgjöld .....						( 73)	
Reiknaðir skattar .....						( 220)	
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....						963	
Aflögð starfsemi .....						288	
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>						<b>1.251</b>	
<b>Fjárfestingar .....</b>						<b>( 1.130)</b>	
<b>Óskiptar eignir 30.6.2022 .....</b>						<b>67.979</b>	
<b>Óskiptar skuldir 30.6.2022 .....</b>						<b>38.040</b>	

Starfspættir 2021	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.662	805	3.692	3.195	1.033	568	11.955
Óskipt rekstrargjöld .....						( 9.363)	
Rekstrahagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....						2.592	
Afskriftir .....						( 1.545)	
Hrein fjármagnsgjöld .....						( 130)	
Reiknaðir skattar .....						( 199)	
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi .....						718	
Aflögð starfsemi .....						2.784	
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>						<b>3.502</b>	
<b>Fjárfestingar .....</b>						<b>6.363</b>	
<b>Óskiptar eignir 30.6.2021 .....</b>						<b>69.615</b>	
<b>Óskiptar skuldir 30.6.2021 .....</b>						<b>38.477</b>	

# Skýringar

---

## 5. Sala

	2022	2021
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Sala á þjónustu .....	10.758	10.592
Vörusala .....	1.097	1.134
	<u>11.855</u>	<u>11.726</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	429	387
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	4.549	4.623
Samtengigjöld .....	351	321
Kostnaðarverð seldra vara .....	1.017	1.036
Eignfærð vinna .....	( 99)	( 102)
Afskriftir .....	<u>1.112</u>	<u>1.210</u>
	<u>7.359</u>	<u>7.475</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	1.678	1.624
Markaðs- og sölukostnaður .....	273	266
Húsnaðis- og bifreiðakostnaður .....	245	276
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	551	531
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	409	402
Afskriftir .....	<u>358</u>	<u>334</u>
	<u>3.514</u>	<u>3.433</u>

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	175	224
Söluhagnaður af eignarhlutum .....	113	0
Fenginn arður .....	<u>2</u>	<u>2</u>
	<u>290</u>	<u>226</u>

### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 165)	( 137)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga .....	( 20)	( 23)
Niðurfærsla lána .....	( 15)	( 9)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 165)	( 121)
	<u>( 365)</u>	<u>( 290)</u>

Gengismunur .....	2	( 66)
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 73)</u>	<u>( 130)</u>

# Skýringar

## 9. Aðrar eignir

30.6.2022 31.12.2021

Aðrar eignir greinast þannig:

Fjárfesting í öðrum félögum .....	38	47
Sjónvarpsefni til sýningar .....	312	237
Langtímakröfur .....	319	391
Aðrar eignir samtals .....	<u>669</u>	<u>675</u>

## 10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	564	369
Sjónvarpsefni til sýningar .....	576	554
Birgðir samtals .....	<u>1.140</u>	<u>923</u>

## 11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur .....	2.101	2.341
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 107)	( 107)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>1.994</u>	<u>2.234</u>

## 12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	2.300	2.210
Aðrar skammtímakröfur .....	1.212	872
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>3.512</u>	<u>3.082</u>

## 13. Fyrirhuguð sala á dótturfélagi

Þann 18. október 2021 gekk Síminn hf. til einkaviðræðna við Aridian France SA um sölu á öllum eignarhlut í fjarskiptafélaginu Mílu ehf. Þeim viðræðum lauk þann 23. október með undirritun samnings um sölu á 100% hlutafjár í Mílu ehf. Salan er háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Virði viðskiptanna (e. enterprise value) samkvæmt breyttum kaupsamningi er 73 ma.kr. að meðtöldum fjárhagslegum skuldbindingum Mílu ehf. sem kaupandinn yfirtekur. Samkvæmt uppfærðum kaupsamningi fær Síminn hf. greitt á efndadegi um 35 ma.kr. í reiðufé og 19 ma.kr. í formi skuldabréfs til þriggja ára. Áætlaður söluhagnaður er 41,8 ma.kr. að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna. Gerður var langtíma heildsölusamningur um kaup á þjónustu Símans hf. af Mílu ehf.

Míla ehf. er heildsölufyrirtæki á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu ehf. í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu ehf. er að selja lausnir sínar í heildsölu til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Sérhæfing félagsins felst meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum. Kerfi Mílu ehf. eru grunnur að fjölþættri fjarskiptabjónustu um allt land.

# Skýringar

---

## 13. Fyrirhuguð sala á dótturfélagi, frh.:

Vegna sölnunar eru eignir og skuldir Mílu ehf. flokkaðar sem eignir og skuldir til sölu í árshlutareikningi 2022.

Rekstur Mílu ehf. er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Samanburðartölum 2021 hefur verið breytt til samræmis.

	2022	2021
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.

Áhrif Mílu ehf. á tímabilinu er eftirfarandi:	2022	2021
Ytri tekjur Mílu .....	879	889
Sala til Mílu .....	( 156)	( 85)
Samtals áhrif á tekjur .....	<u>723</u>	<u>804</u>

Ytri gjöld Mílu .....	( 3.733)	( 3.347)
Gjöld frá Mílu .....	3.374	3.372
Samtals áhrif á gjöld .....	<u>( 359)</u>	<u>25</u>

Hagnaður fyrir skatta .....	364	829
Skattar .....	( 76)	( 169)
Samtals áhrif af Mílu .....	<u>288</u>	<u>660</u>

Áhrif Sensa 2021 .....	0	2.124
Samtals áhrif af aflagðri starfsemi .....	288	2.784

Í lok tímabils voru eignir og skuldir Mílu ehf. eftirfarandi:	30.6.2022	31.12.2021
---	-----------	------------

Viðskiptavild .....	10.927	10.927
Óefnislegar eignir .....	1.754	1.819
Rekstrarfjármunir .....	21.526	21.336
Langtímakröfur .....	73	85
Birgðir .....	585	513
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	1.835	1.345
Handbært fé .....	523	904
Eignir flokkaðar til sölu .....	<u>37.223</u>	<u>36.929</u>

Langtímaskuldir .....	23.350	23.609
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....	2.482	2.217
Skuldir sem tengjast eignum flokkuðum til sölu .....	<u>25.832</u>	<u>25.826</u>

## 14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:	30.6.2022	31.12.2021
---	-----------	------------

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársþyrjun.....	604	670
Eignir til sölu.....	0	417
Tekjuskattur tímabilsins.....	212	421
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 410)	( 879)
Leiðréttung frá fyrra ári.....	0	( 25)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>406</u>	<u>604</u>

# Skýringar

## 15. Aðrar skammtímaskuldur

Aðrar skammtímaskuldur greinast þannig:

30.6.2022 31.12.2021

Áfallinn kostnaður .....	543	458
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	319	152
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	286	266
Aðrar skammtímaskuldur .....	14	13
<b>Aðrar skammtímaskuldur samtals .....</b>	<b>1.162</b>	<b>889</b>

## 16. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofnun) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málínu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málínu til Landsréttar sem staðfesti niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar og hækkaði sektina aftur í 9 mkr. Síminn hefur óskað eftir leyfi til að áfrýja málínu til Hæstaréttar. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatalibúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða. PFS og Sýn hafa enn fremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 m.kr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður. Prátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárlátna vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæflaus.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu á árinu 2020 að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga. Síminn hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um ógildingu á þeim hluta úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem laut að meintu broti á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2015. Samkeppniseftirlitið hefur enn fremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem gerð er krafa um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála er fól í sér ógildingu hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 og lækkun sektar, verðið felldur úr gildi.

## 17. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um, umfram það sem kemur fram í skýrslu stjórnar um fyrirhugaða sölu Mílu.

# Ársfjórðungsyfirlit

---

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2022	2 F 2022	Samtals
Sala .....	5.957	5.898	11.855
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.762)	( 3.597)	( 7.359)
<b>Framlegð .....</b>	<b>2.195</b>	<b>2.301</b>	<b>4.496</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	136	138	274
Rekstrarkostnaður .....	( 1.757)	( 1.757)	( 3.514)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>574</b>	<b>682</b>	<b>1.256</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	92	( 165)	( 73)
Aflögð starfsemi .....	193	95	288
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>859</b>	<b>612</b>	<b>1.471</b>
Reiknaðir skattar .....	( 113)	( 107)	( 220)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>746</b>	<b>505</b>	<b>1.251</b>
EBITDA .....	1.327	1.399	2.726

	1 F 2021	2 F 2021	3 F 2021	4 F 2021	Samtals
Sala .....	5.903	5.823	6.004	6.300	24.030
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.783)	( 3.692)	( 3.766)	( 4.292)	( 15.533)
<b>Framlegð .....</b>	<b>2.120</b>	<b>2.131</b>	<b>2.238</b>	<b>2.008</b>	<b>8.497</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	115	114	120	164	513
Rekstrarkostnaður .....	( 1.731)	( 1.702)	( 1.518)	( 1.799)	( 6.750)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>504</b>	<b>543</b>	<b>840</b>	<b>373</b>	<b>2.260</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 31)	( 99)	56	( 40)	( 114)
Aflögð starfsemi .....	2.508	276	323	371	3.478
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>2.981</b>	<b>720</b>	<b>1.219</b>	<b>704</b>	<b>5.624</b>
Reiknaðir skattar .....	( 97)	( 102)	( 162)	( 50)	( 411)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>2.884</b>	<b>618</b>	<b>1.057</b>	<b>654</b>	<b>5.213</b>
EBITDA .....	1.274	1.318	1.627	1.283	5.502